

# Svarfhóll

## Gunnlaugsgata 9



Húsið er 410 m<sup>2</sup> var byggt 1920 af Jóni Björnssyni (1876-1942) frá Svarfhóli. Jón hóf verslunarstörf í Borgarnesi 1897 og var kaupfélagsstjóri 1906-1909. Hann stofnaði verslunina Jón Björnsson & Co ásamt alnafna sínum frá Bæ og rak síðar sína eigin verslun í Borgarnesi. Jón Hann var kjörinn til ýmissa trúnaðarstarfa, var t.d. lengi í hreppsnefnd, hreppstjóri í 17 ár og póstafréttisgjafi um hríð. Kona hans var Ragnhildur Jónasdóttir (1880-1967) frá Sólheimatungu.

Þau hjónin reistu fyrst stórt íbúðarhús sem brann í nóvember 1920. Var það kallað pósthúsbruninn, því þar var póstafréttisgjafi. Það var lán í óláni að þau hjón áttu þá annað hús í smíðum [Svarfhóll] gátu þau flust þangað fljótlega eftir brunann. Þar bjuggu þau síðan meðan Jón lifði [1942].

Pétur Benediktsson segir svo í minningargrein um Ragnhildi 1967: „Er mér ævinlega minnstæð sú höfðinglega alúð sem allir nutu á þessu heimili, og þessir „allir“ voru einatt ekkert fámenni, viðskiptamenn húsbóndans, frændur húsfreyju og bónda, ferðamenn úr öðrum héruðum og erlendir gestir...“ Ragnhildur flutti 1957 úr Svarfhóli til

Ágústu dóttur sinnar í Reykjavík og Borgarneshreppur keypti húsið. Eftir lát Jóns rak hún m.a. vefnaðarvörverslun í húsinu, en hún hafði lært karlmannafatasam og var mikil hannyrðakona.

